


Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1

400 Ísafirði



Efni: Stuðningbeiðni.

Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða hóf útgáfu um síðustu aldamót á myndrikum bókum um byggðir í hverri sýslu á sambandssvæðinu. Ábúendatöl ná aftur til 1900. Myndir eru af húsakosti jarðanna og ábúendum á ýmsum tímum. Allnokkur hagsaga síðustu aldar og fram að útgáfudögum birtist í flestum bókanna. Útgáfan hefur mælst vel fyrir og sala þeirra gengið vel. Með stuðningi viðkomandi sveitarfélaga hefur tekist að komast skuldlaus frá starfseminni.

Eina svæðið sem eftir er er Hóls- og Eyrarhreppur og er stefnt að því að prentun þeirrar bókar ljúki í október 2018. Gott tilboð hefur fengist í prentun og þess er vænst að aðrir kostnaðarliðir verði sanngjarnir s.s umbrot og ritstjórn. Ritstjóri verður Björgvin Bjarnason.

Gert er ráð fyrir 700 bóka upplagi og hver bók verði um 400 bls. Útsöluverð 8.900.-

Hér með er óskað eftir stuðningi Ísafjarðarbæjar að upphæð kr. 750 þús. Umbeðinna styrkja er óskað 1. júlí 2018.

Reikna verður með að nokkrar greiðslur fari fram áður en sala verður möguleg og á tímabili gæti vantað 2-3 milljónir. Þess er hinsvegar vænst að sala bókanna gangi vel. Leitað verður eftir yfirdrætti hjá viðskiptabanka þegar nauðsyn krefur.

Virðingarfyllt

Botni 15/11/2017

Björn Birkisson